

31. fundur veitustjórnar haldinn mánudaginn 1. nóvember 2021 í ráðhúsinu á Flúðum og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Kolbrún Haraldsdóttir sem varamaður Elsu Ingjaldsdóttur, Bogi Pétur Eiríksson sem varamaður Sigurðar Sigurjónssonar, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Tillaga að gjaldskrá fyrir Hitaveitu Flúða 2022.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögu að gjaldskrá fyrir Hitaveitu Flúða fyrir árið 2022. Helstu breytingar eru að allir liðir gjaldskrár hækka um 3%. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu.

2. Fjárhagsáætlun Hitaveitu Flúða 2022.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir Hitaveitu Flúða fyrir árið 2022. Gert er ráð fyrir að hagnaður verði af veitunni að fjárhæð kr. 94 þús. á árinu 2022. Gert er ráð fyrir verulegum fjárfestingum á árinu 2022 en þær eru vegna dæluhúsa við Kópavatn og Garðastíg, veitulagna og tenginga í Garðastíg auk annarra framkvæmda samtals að fjárhæð 63 millj. án VSK. Gert er ráð fyrir að hitaveitan þurfi að taka lán að fjárhæð kr. 25 millj. vegna framkvæmdanna. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að fjárfestingar- og fjárhagsáætlun.

3. Tillaga að gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Hrunamannahrepps 2022.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögu að gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2022. Helstu tillögur eru að vatnsgjald á íbúðarhúsnæði er óbreytt eða 0,21%. Lágmarksgjald íbúðarhúsa hækkar í kr. 39.300 eða um 3% og hámark á íbúðarhús hækkar í kr. 58.200 eða um 3%. Fast vatnsgjald í sumarhús hækkar um 3% og verður kr. 39.300. Vatnsgjald í atvinnuhúsnæði verður óbreytt 0,15% af fasteignarmati og lágmarksgjald óbreytt eða kr. 65.000. Notkunargjald hækkar úr kr. 30 í kr. 31 á m³. Mælaleiga, byggingarvatn, heimæða- og stofngjöld hækka um 3%. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá.

4. Fjárhagsáætlun vatnsveitu Hrunamannahrepps 2022.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir vatnsveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2022. Gert er ráð fyrir verulegri fjárfestingu á árinu 2022 en þar er m.a. gert ráð fyrir að kláruð verði bygging miðlunarvatnstanks í Berghylsfjalli, lagnaframkvæmdir í Garðastíg o.fl. og fjárfest verði nettó fyrir samtals kr. 70. millj. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögur að fjárfestingar- og fjárhagsáætlun.

5. Tillaga að gjaldskrá fyrir fráveitu Hrunamannahrepps 2022.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögur að gjaldskrá fyrir fráveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2022. Fráveitugjald á íbúðar- og atvinnuhúsnæði í þéttbýli á Flúðum er óbreytt eða 0,25% af fasteignarmati íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Hámarksgjald af íbúðarhúsnæði hækkar um 3% í kr. 58.300 og lagt til að hámarksgjald á atvinnuhúsnæði falli niður. Árlegt gjald fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa við íbúðar- og sumarhús utan þéttbýlis á Flúðum hækkar í kr. 10.500 eða um 3%. Þá er gert ráð fyrir að gjald fyrir tæmingu á rotþró við atvinnurekstur og fyrirtæki auk aukagjalds fyrir aukalosun á rotþróum vegna tæmingar hækki um 3%. Heimæðargjöld í þéttbýli

á Flúðum hækka um 3%. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá með þeim breytingum að leggja til 8% hækkun á hámarksgjaldi íbúða- og atvinnuhúsnæðis þannig að það verði kr. 61.000 á íbúðarhúsnæði og kr. 237.000 á atvinnuhúsnæði vegna mikilla fjárfestinga í fráveitukerfum.

6. Fjárhagsáætlun fyrir fráveitu Hrunamannahrepps 2022.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir fráveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2022. Gert er ráð fyrir hefðbundum rekstri fráveitunnar að öðru leyti en því að verulegar fjárfestingar eru fyrirhugaðar vegna niðurstæðingar hreinsistöðvar í Laxárhlið og tengingar fráveitu úr Akurgerði, lagnaframkvæmdir í Garðastíg, o.fl og fjárfest verði nettó fyrir samtals kr. 35,3 millj. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að fjárfestingar- og fjárhagsáætlun.

7. Tillaga að gjaldskrá fyrir Hrunaljós 2022.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögu að gjaldskrá fyrir Hrunaljós fyrir árið 2022. Gert er ráð fyrir að gjaldskráin hækki um 3% að öðru leyti en tengigjöld nýrra notanda verði óbreytt, bæði í dreifbýli og þéttbýli.

Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá.

8. Fjárhagsáætlun Hrunaljóss 2022.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir Hrunaljós fyrir árið 2020. Gert er ráð fyrir að tap verði af rekstri Hrunaljóss að fjárhæð um kr. 2 millj. á árinu 2022 og nettófjárfesting verði kr. 2. millj. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að fjárhagsáætlun.

9. Seyruverkefnið.

Hannibal og Jón fóru yfir seyruverkefnið og rekstur þess á árinu 2022 en verkefnið er samstarfsverkefni sveitarfélaganna í Uppsveitum, Flóa- og Ásahrepp.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 17:00.